

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga A-áfangi – Goðanes 2.
Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. mars 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Goðanes 2.

Breytingin felur í sér að lóð nr. 2 við Goðanes er stækkuð um 9.509,4 m² og mun stækkunin verða nýtt sem geymslulóð. Heildarstærð lóðarinnar eftir stækkun verður 26.698,1 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 23. ágúst 2019,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2019